

Reykjavík 18. október 2023



**Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika).**

Sjúkraliðafélag Íslands fagnar tækifærinu til að gefa umsögn sína um umrætt mál. Frumvarpið mun breyta lögum á þá leið að unnt verði að koma fram refsiábyrgð á hendur heilbrigðisstofnunum, fremur en einstaka heilbrigðisstarfsfólki, þegar alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu leiða til andláts eða stórfells líkamstjóns, enda megi rekja atvikið til margra samverkandi þátta í starfsemi heilbrigðisstofnunar. Jafnframt er lagt til að gera ákvæði um rannsókn alvarlegra atvika ítarlegri, tryggja aðkomu sjúklinga og/eða nánustu aðstandenda að rannsókn mála auk þess sem lagðar eru til breytingar á ferli kvartana til embættis landlæknis. Einnig eru skyldur heilbrigðisstofnana til innra eftirlits áréttáðar. Allt eru þetta markmið sem Sjúkraliðafélag Íslands tekur undir.

Afar mikilvægt er að heilbrigðisstarfsfólk geti unnið vinnu sína af fagmennsku, öryggi og með vissu um að það sjálft verði ekki dregið til saka vegna aðstæðna sem það getur ekki borið ábyrgð á. Þegar mistök verða í heilbrigðiskerfinu gerist það iðulega í keðju atburða eða vegna margra samverkandi þátta. Sjaldnast má rekja mistök til athafna eins starfsmanns. Það getur haft margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir heilbrigðiskerfið, þegar einstaka heilbrigðisstarfsmenn eru sóttir til saka vegna alvarlegra atvika þar sem kerfislægir þættir ráða mestu um hvernig fer.

Eins og segir í frumvarpinu getur slíkt dregið úr tilkynningum um alvarleg atvik eða mistök og þegar uppi er staðið, dregið úr öryggi sjúklinga.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur lengi bent á mikilvægi betri mönnunar í heilbrigðiskerfinu. Stór hluti sjúkraliða upplifir álag (80%), streitu (70%) og kulnun (31%). Þá upplifa 42% sjúkraliða ófullnægjandi mönnun á sínum vinnustað. Þessu til viðbótar telur allt of stór hluti sjúkraliða sig upplifa óöryggi í sínum störfum.

Skortur á mönnun og öryggi er alltaf á ábyrgð viðkomandi stofnunar og stjórnvalda. Þess vegna er mikilvægt að lögfesta hlutlæga refsíbyrgð heilbrigðisstofnana eins og markmið frumvarpsins er. Slíkt tryggir ábyrgð án sakar tiltekins einstaklings (ásetningur eða eftir atvikum gáleysi).

Mikilvægt er að hafa í huga að frumvarpið felur ekki í sér afnám refsíbyrgðar heilbrigðisstarfsfólks. Í tilvikum þar sem talin er fyrir hendi vitneskja um að tiltekinn starfsmaður hafi sýnt af sér saknæma og refsiverða háttsemi er hugsanlegt að hann yrði látinn sæta ákæru, eftir atvikum ásamt hlutaðeigandi heilbrigðisstofnun eins og segir í frumvarpinu. Slíkt ætti fyrst og fremst við um mjög alvarleg tilvik sem þá rekja mætti til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings en ekki lægri stiga gáleysis.

Í þessu ljósi óskar Sjúkraliðafélag Íslands eftir frekari skýringu á framgangi þeirra mála þar sem hugsanlega er hægt að sanna sök tiltekins starfsmanns. Stendur þá ekki til að láta heilbrigðisstofnunina sæta ábyrgð? Eða stendur til að láta bæði stofnunina og starfsmanninn sæta ábyrgð? Eða verður meginregla sú að þrátt fyrir líkum á sök tiltekins starfsmanns muni stofnunin ein sæta ábyrgð? Mikilvægt er að gera skýrt grein fyrir þessu í lögskýringargögnum og þar með talið í nefndaráliti velferðarnefndar Alþingis. Hver er vilji löggjafans?

Þar sem markmið frumvarpsins virðist vera að ábyrgðin liggi fyrst og fremst hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun en ekki hjá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni er mikilvægt að það komi alveg kýrskýrt fram í nefndarálitinu, sem litið yrði til í álitamálum framtíðarinnar.

**Í nefndaráliti velferðarnefndar frá því í fyrra var ekki nægjanlega vel hnykkt á þessu álitamáli að mati Sjúkraliðafélags Íslands.**

Að lokum er það ánægjulegt að eftir samráð frumvarpsins á undirbúningsstigi virðist réttarstaða heilbrigðisstarfsfólk sem gefur skýrslu hjá landlækni vera betur tryggð. Ekki síst í þeim málum sem vísað er síðan í framhaldi meðferðar landlæknis til lögreglu. Skemmst er að minnast þeirra álitamála sem lutu að skýrslutökum samkeppnisyfirvalda á einstaklingum sem síðan enduðu hjá lögreglu í upphafi þessarar aldar. Í þessu sambandi er rétt að minnast á texta frumvarpsins þar sem segir nú: „Skýrslum landlæknis um rannsókn einstakra mála skal ekki beitt sem sönnunargögnum í sakamálum. Jafnframt er ekki heimilt að nota upplýsingar sem heilbrigðisstarfsmaður eða starfsmaður á heilbrigðisstofnun hefur veitt landlækni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum né að afhenda gögn sem geyma framburð heilbrigðisstarfsmanna eða annarra í viðtölum við embætti landlæknis...”

Það væri mikilvægt að velferðarnefnd Alþingis hnykkti enn frekar á þessum mikilvæga punkti í nefndaráliti sínu sem að sjálfsögðu er þýðingarmikið lögskýringargagn komi til ágreinings um túlkun síðar meir.

**Virðingarfyllt, Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands**